

Kennsluáætlun í reikningi og talnalæsi

2024/2025

2. bekkur

Waldorfskólinn Sólstafir

Bekkjarkennari: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Kennsla í reikningi fer fram í 2 lotum á haustönn og 2 lotum á vorönn.

Að auki er fastur reiknings tími einu sinni í viku allt árið.

Markmið:

Að nemendur

- læri að telja og þekkja tölur, bæði rómversku og arabísku
- læri að telja upp í 100 og afturábak
- þekki oddatölur og sléttatölur
- læri að telja annan hvern tölustaf, þriðja hvern og fjórða hvern
- þekki reikningsaðferðirnar fjórar, plús, mínus, margföldun og deilingu
- geti reiknað einföld plús og mínus dæmi
- geti leyst einföld hugarreikningsdæmi
- hafi skilning á hvernig árið raðast niður í tímaeingar, mánuðir, vikur, dagar, klst, mínútur, sekúndur.
- skilji muninn á einingum, tugum og hundruðum
- þekki ólík form; hringur, þríhyrningur, ferhyrningur o.s.frv.
- læri ólík hugtök, stærst/minnst, léttast/þyngst o.s.frv.

Kennsluaðferðir og efni:

Unnið með frásagnarformið, sögur og ævintýri.

Unnið með rythmatalningu með handaklappi og fótastappi. Lært í gegnum leiki og spil. Teningar, spilastokkar, steinar og annar náttúrulegur efniviður nýttur.

Námsmat:

Hlustun og þátttaka í tímum.

Vinnusemi og vandvirkni.

Skilningur og áhugi.

Umgengni og frágangur.

Samskipti og samvinna við samnemendur, kennara og skólaliða.

Frumkvæði og hjálpsemi.

Hæfniviðmið í stærðfræði:

[https://waldorf.is/wp-](https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/h%C3%A6fnivi%C3%B0mi%C3%B0-%C3%AD-st%C3%A6r%C3%B0fr%C3%A6%C3%B0i-.pdf)

[content/uploads/2020/10/h%C3%A6fnivi%C3%B0mi%C3%B0-%C3%AD-st%C3%A6r%C3%B0fr%C3%A6%C3%B0i-.pdf](https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/h%C3%A6fnivi%C3%B0mi%C3%B0-%C3%AD-st%C3%A6r%C3%B0fr%C3%A6%C3%B0i-.pdf)